

**Mál nr. 34/2025**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti vátryggingar: Slysátrygging launþega.**

**Nafn vátryggingartaka (X)**

**Slysaflugtak vátryggingaréttar. Skyndilegur utanaðkomandi atburður.**

**Gögn.**

1. Málskot dags. 17. janúar 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V, dags. 25. febrúar 2025, ásamt vátryggingarskilmálum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 4. mars 2025, ásamt veðurgögnum.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 10. mars 2025.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að þann 21. nóvember 2022 hafi M runnið á blautum tröppum á leið sinni úr kjallara vinnustaðar síns hjá X. Umræddar tröppur liggja að kjallara hússins en fyrst er farið niður fyrir húsið og svo ganga tröppur upp að kjallarahurðinni. Mikil úrkoma var og voru tröppurnar blautar og höfðu ekki verið hreinsaðar nægilega vel. Misreiknaði M þrepin og steig vitlaust niður með þeim afleiðingum að hann rann og fann strax fyrir miklum verk í hægri hásin. Reyndist hann síðar hafa rofið hægri hásin. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr slysátryggingu launþega sem vinnuveitandi hans, X, hafði hjá V á slysdegi. Af hálfu V var bótaskyldu hafnað á grundvelli þess að slysið falli ekki innan skilgreiningar á hugtakinu slys í skilmálum tryggingarinnar.

Í málskoti vísar M til tjónstilkynninga vinnuveitanda, tilkynninga til Sjúkrátrygginga Íslands og Vinnueftirlitsins. Í öllum þessum tilkynningum, sem undirritaðar eru af vinnuveitanda og M, er atvikinu lýst á þann veg að M hafi verið að ganga upp stiga í kjallara vinnustaðarins, stigið vitlaust í tröppu, misstigið sig og fallið við. Bendir M á að allar tilkynningarnar hafi verið skrifaðar af X og eru dagsettar 10. janúar 2023, rúmlega einum og hálfum mánuði eftir að slysið átti sér stað. M hafi skrifað undir þær án þess að gera sér grein fyrir því að þær gætu haft áhrif á mat á bótaskyldu. Hugtakið „misstig“ geti haft nokkrar merkingar. Telur M að slysið falli ótvírætt undir skilgreiningu hugtaksins slys. Ljóst þykir að slys M hafi orsakast af því að hann misreiknaði sig þegar hann var að ganga upp tröppurnar, steig vitlaust í þrep og rann í kjölfarið. Slysið hafi því verið frávik frá því sem telst til eðlilegrar atburðarásar og stafaði af þáttum eða áhrifum sem stóðu M utan frá. Atburðurinn hafi gerst með skyndilegum og óvæntum hætti. Tröppurnar hafi verið sá utanaðkomandi atburður sem leiddi til falls hans og alvarlegs rofs á hægri hásin. Rekur M dóma héraðsdóms og Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að hvergi í gögnum málsins, öðru en málskoti, komi fram að M hafi runnið á blautum tröppum á leið sinni upp úr kjallaranum og að tröppurnar hafi ekki verið hreinsaðar nógu vel. V telur ósannað að atvikið hafi gerst með þeim hætti. Verði því að leggja til að atvikið hafi átt sér stað með þeim hætti sem lýst er í tjónstilkynningum, frá bæði X og M, atvikaskráningu og læknisfræðilegum gögnum. Öll fyrirbyggjandi samtímagögn beri með sér að meiðsl M sé ekki að rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar og sú lýsing sem M byggir á í málskoti hafi fyrst komið fram eftir að hann leitaði til lögmanns vegna atviksins. Þær málsatvikalýsingar séu ótrúverðugar og sé sönnunargildi þeirra takmarkað eða ekkert. Er það mat V að M hafi ekki með neinum hætti fært fram sönnun fyrir því að ástæða þess að hann missteig sig sé að rekja til utanaðkomandi atviks.

Í viðbótarathugasemdum sínum vísar M til þess að íslensk dómaframkvæmd staðfesti að ytri þættir líkt og hálka, sleipt yfirborð eða hindranir geti talist utanaðkomandi atburðir. Engin læknisfræðileg gögn styðji að innri verkun, t.d. sjúkdómsástand, hafi verið orsök slyssins. Það sé á ábyrgð V að sanna slíka tilgátu, ekki M að afsanna hana.

Í viðbótarathugasemdum V er því mótmælt að sönnunarbyrði hvíli á V. Það sé M að sanna með gögnum að meiðsl hans séu tilkomin vegna skyndilegs utanaðkomandi atviks. Sú sönnun hafi ekki tekist og beri því að hafna kröfu M um viðurkenningu á bótaskyldu.

**Álit.**

Í 8. gr. vátryggingarskilmála slysátryggingar launþega hjá V er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða „skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans“. Krafan um utanaðkomandi atburð hefur verið túlkuð á þann veg að meiðsli sem rekja megi til sjúkdóma eða innra ástands í líkama vátryggðs, falli ekki undir slyshugtakið.

Hvað atvikalýsingu varðar verður að byggja á frumgögnum málsins nema frekari gögn, t.a.m. læknisfræðileg gögn eða framburðir vitna, styðji afdráttarlaust við síðar til komna atvikalýsingu. Engir vitnaframburðir liggja fyrir og eru einu viðbótargögnin, skráningar í sjúkraskrá M. M leitaði fyrst til læknis eftir atvikið þann 28. nóvember 2022, viku eftir fallið. Í nótu læknisins segir: „Einkenni byrjuðu fyrir 3-4 vikum. Verkir aftan í hásin og upp í kálfa. Verri eftir vinnudag. Neitar mæði og brjóstverk. Aðgerðarsaga á þessum fæti, bæði hnéprótesa sem hefur sýkst og vegna tarsal tunnel syndrome. .... Minnst þess ekki að hafa hlotið áverka á fótlegg nýlega.“ Við endurmat hjá lækni 7. desember 2022 er vísað til fyrri skráningar en bætt við „Fyrir mánuði var í vitlausum skóm án innleggs og fer að finna þá til. Fór svo skánandi, en versnar núna aftur á föstudaginn þegar missteig við að ganga í tröppu. Verkur núna meira upp í kálfanum.“

Af ofangreindu verður ekki annað ráðið en að meiðsli M verði rakin til innra álags eða veikleika sem virðist hafa verið til staðar fyrir misstigið þann 21. nóvember 2022 en mögulega versnað þann dag. Að mati nefndarinnar verður á grundvelli fyrirliggjandi læknisfræðilegra gagna að telja nægilega sýnt fram á að fall M sé að rekja til innra ástands líkama M en ekki utanaðkomandi atburðar. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2025.  
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir